

Miðvikudaginn 28. febrúar 1996.

Nr. 76/1996.

Björn Björnsson

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Þrotabúi Sjávarborgar hf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skaðabætur. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. febrúar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. janúar, þar sem staðfest er sú ákvörðun skiptastjóra í Þrotabúi Sjávarborgar hf. 1. febrúar 1994 að hafna lýstri kröfu sóknaraðila í Þrotabúið. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að viðurkennd verði krafa sín á hendur varnaraðila, að fjárhæð 5.696.353 krónur, ásamt nánar tilgreindum vöxtum. Til vara krefst sóknaraðili lægri fjárhæðar úr hendi varnaraðila. Þá krefst hann viðurkenningar á því, að krafan njóti forgangsréttar samkvæmt 5. tl. 112. gr. laga nr. 21/1991. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Eftir að hinn kærði úrskurður var kveðinn upp, hefur af hálfu sóknaraðila verið aflað nýrra gagna. Á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness 13. febrúar 1996 gáfu skýrslur Lárus Grímsson, skipstjóri á fiskiskipinu Júpíter, ÞH 61, og Viðar Karlsson, skipstjóri á fiskiskipinu Víkingi, AK 100. Voru þeir spurðir um vinnubrögð á skipum, sem haldið er til loðnuveiða. Meðal nýrra gagna málsins eru einnig uppdrættir af nótaskipi og snurpugálga svo og yfirlýsing nafngreinds skipaverkfræðings. Ekki verður annað séð en að allra þessara gagna hefði mátt afla undir rekstri málsins í héraði.

Hin nýju gögn verða ekki talin hnekkja niðurstöðu héraðsdóms,

en í honum sátu tveir sérfróðir meðdómendur. Með vísun til þess og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dóms-orði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Björn Björnsson, greiði varnaraðila, þrotabúi Sjóvarborgar hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. janúar 1996.

Mál þetta var þingfest 31. maí 1994, eftir að fram kom sú beiðni skipta-stjóra í þrotabúi varnaraðila, að leyst yrði úr ágreiningi, sem upp kom við gjaldþrotaskipti. Málið var flutt 17. janúar sl. og tekið til úrskurðar þann dag.

Sóknaraðili er Björn Björnsson, kt. 161264-3189, nú búsettur í Namibíu, en varnaraðili þrotabú Sjóvarborgar hf., kt. 630181-0379, Hamraborg 5, Kópavogi.

Endanlegar kröfur sóknaraðila eru aðallega þær, að varnaraðila verði gert að greiða sér 5.696.353 krónur auk [nánar tilgreindra vaxta] auk máls-kostnaðar að við bættum virðisaukaskatti og að viðurkennt verði með úr-skurði, að krafan njóti forgangs í þrotabúið, sbr. 5. tl. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Til vara gerir sóknaraðili þær dómkröfur að varnaraðila verði gert að greiða sér aðra lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins auk vaxta, eins og lýst er í aðalkröfu, og málskostnaðar að skaðlausu skv. mati dómsins að við bættum virðisaukaskatti og að viðurkennt verði með dómi, að krafan njóti forgangs í þrotabúið, sbr. 5. tl. 112. gr. l. nr. 21/1991.

Varnaraðili krefst þess, að kröfu sóknaraðila verði að fullu hafnað og af-staða skiptastjóra staðfest. Málskostnaðar er krafist.

I.

Það er upphaf máls þessa, að sóknaraðili lýsti kröfu í þrotabú Sjóvar-borgar hf. 18. janúar 1994. Skiptastjóri hafnaði kröfunni í heild sinni. Á skiptafundi 8. febrúar 1994 lágu fyrir skrifleg mótmæli við afstöðu skipta-stjóra. Krafa sóknaraðila er nr. 34 á kröfuskra og var lýst sem forgangs-kröfu á grundvelli 5. tl. 112. gr. laga nr. 21/1991, þar sem um bótakröfu er að ræða vegna örorkutjóns. Með bréfi 5. apríl 1994 krafðist skiptastjóri

úrlausnar héraðsdóms um ágreiningsefnið, og var málið þingfest 31. maí 1994. Þá var málinu frestað til öflunar gagna, og 16. ágúst 1994 kom fram beiðni frá varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna. Matsgerð var lögð fram 30. mars 1995, og í þinghaldi 7. apríl kom fram beiðni um, að aflað yrði álits lækna ráðs. Það álit lá fyrir í ágúst 1995 og nýtt örorkumat í nóvember 1995. Undirrituðum dómara var úthlutað málið í maí 1995.

II.

Krafa sóknaraðila er til komin vegna vinnuslyss, sem hann varð fyrir 28. febrúar 1992 um borð í fiskiskipinu Sjávarborg, GK-60, sem hið gjaldþrota félag gerði út. Sóknaraðili var 2. stýrimaður á skipinu, sem var á loðnuveiðum skammt undan Dyrhólaey. Var hann búinn að vera fastráðinn sem 2. stýrimaður frá því í september 1991. Heldur sóknaraðili því fram, að 10 vindstig hafi verið umrætt sinn og áhöfn sett út á dekk að vinna að fyrir-mælum skipstjóra. Sóknaraðili lýsir aðdraganda slyssins svo, að búið hafi verið að kasta nótinni. Hann hafi verið að binda upp pokann frammi á skipinu stjórnborðs megin og ná inn svokölluðum háf, sem dregur nótina út. Vegna veðurs hefði nótin farið svo aftarlega með skipinu, að hann hefði orðið að fara á milli gálga og pokans til þess að ná í band, sem fest var við háfinn. Erfitt hefði verið að ná í bandið vegna veðurs og vegna þess, hve neðarlega það var á korkateininum. Spottanum var síðan krækt í krók á krana, sem hífði háfinn inn fyrir borðstokkinn. Þegar hann hefði verið kominn milli poka og gálga, hefði komið ólag á skipið og hann klemmst á milli og verið fastur smástund. Nótin hefði staðið það aftarlega vegna veðurs, að ekki hefði verið unnt að fara fram fyrir gálgann. Við þessar aðstæður hefði hann ekki náð spottanum. Sóknaraðili segir snurpugálgann vera stóran og breiðan, að óhentugt sé að vinna í kringum hann. Þar við bætist, að bandið hefði verið mjög neðarlega á korkateininum. Pokinn hefði verið bundinn upp í blökkina fyrir aftan gálgann, og vegna þess, hve nótin hefði legið aftur með skipinu, hefði hann orðið að fara á milli gálgans og pokans til þess að ná í spottann. Um annað hefði ekki verið að ræða. Sóknaraðili kvað verkstöðu við þetta tiltekna verk frábrugðna því, sem hann hefði átt að venjast á öðrum loðnuskipum. Hann hefði fært spottann ofar, þegar hann byrjaði á skipinu, en skipstjóri skipað einum háseta að breyta til fyrra horfs. Skipstjórinn hefði sagt, að nótin færi betur út með þessum hætti. Sóknaraðili segist hafa verið vanur að taka veður um hádegisbil og skrá veðurhæð í dagbók sína. Í þetta sinn hefði hann skráð 10 vindstig. Því beri saman við vottorð veðurstofu um veðurhæð í Vestmannaeyjum sama dag. Hann hefði tilkynnt skipstjóra um slysið, strax eftir að það gerðist, en harkað af sér og haldið áfram vinnu. Þegar skipið kom í land 2. mars 1992, fór

hann á Borgarspítalann í skoðun. Var honum sagt, að líklega væri um slæmt mar að ræða, og ekki talin þörf á, að hann hætti að vinna. Í næsta túr gekk hann til starfa sinna, en hafði sívaxandi þrautir í baki. Hinn 18. s. m. fór hann á Heilsugæsluna í Keflavík og var úrskurðaður óvinnufær til 7. maí 1992. Aftur fór hann um borð, en versnaði í baki og varð að hætta á sjó 23. júlí 1992.

Rannsóknarnefnd sjóslysa var ekki tilkynnt um slysið, og engin lögreglu-rannsókn fór fram.

Guðmundur Garðarsson, kt. 081043-4699, skipstjóri Sjávarborgar, GK-60, kom fyrir dóm. Hann sagði aðstöðuna við gálgann góða. Unnt væri að athafna sig bæði fyrir framan gálgann og eins fyrir aftan. Því væri alveg óþarfi að vera á hættusvæði við gálgana. Hann kvað spottann hafa verið í bláhorni á nóttinni. Þessi búnaður hefði ekki verið neitt öðruvísi en á öðrum loðnuskipum. Að vísu geti spottinn legið framar, og hefði það verið reynt, en þá hefði nótin ekki farið eins vel út. Hefði hann því látið breyta spottan-um til fyrra horfs. Hann taldi þessa vinnuaðferð, sem væri mjög svipuð á öllum loðnuflotanum, alveg hættulausa, ef rétt væri staðið að verki, þ. e. náð í bandið út fyrir borðstokkinn, annaðhvort fyrir aftan gálgann eða framan. Ekki mundi hann eftir veðri þennan dag, en taldi, að munað gæti 2–4 vindstigum á Stórhöfða og úti á sjó við nágrenni Vestmannaeyja. Hann mundi ekki heldur eftir, að sóknaraðili hefði tilkynnt sér um slysið, og því hefði ekkert verið fært um það í dagbók. Hann hefði ekki heyrt af þessum atburði fyrr en löngu síðar.

Baldvin Arnar Agnarsson, kt. 240963-5669, var 1. vélstjóri um borð. Hann var að vinna með sóknaraðila og var uppi í krana og sá, hvað gerðist. Hann taldi sóknaraðila ekki hafa getað staðið öðruvísi að verkinu en hann gerði. Gálginn hefði verið of breiður, til að unnt hefði verið að athafna sig fyrir framan hann. Ekki mundi hann eftir veðri þennan dag, en mundi, að einhver veltingur var, þó ekki óeðlilega mikill.

Þórður Karlsson, kt. 010844-2319, var háseti á Sjávarborg, GK-60, um níu ára skeið. Hann var ekki sjónarvottur að slysinu, en sagðist hafa heyrt af því stuttu síðar. Hann kvaðst hafa unnið þetta verk margoft. Engin hætta væri á ferðum, ef rétt væri að verki staðið. Vinnusvæðið í kringum gálgann hefði verið rýmra en gengur og gerist og með því besta, sem hann þekkti. Hefði auðveldlega verið unnt að athafna sig bæði fyrir framan og aftan gálgann. Stundum hefði það komið fyrir, að háfurinn og spottinn hefðu komið í flækju upp, og hefði hann þá látið það eiga sig, þangað til greiddist úr. Hann mundi, að sóknaraðili hefði fært spottann ofar, en skipstjóri látið breyta til fyrra horfs, þar sem nótin fór þá betur út. Ekki mundi hann eftir veðri þennan dag.

Óli Guðlaugur Lárentsen, kt. 290964-3779, var háseti í umræddum tús. Hann mundi, að þeir voru fyrir utan Dyrhólaey í leiðindaveðri, þegar slysið varð. Hann var þó ekki sjónarvottur. Hann mundi, að sóknaraðili færði spottann ofar á korkateininn og að því fyrirkomulagi var aftur breytt.

Einar Sveinbjörnsson, kt. 230365-3189, veðurfræðingur kom fyrir dóm. Fram hafa verið lögð veðurkort, sem unnin eru af honum. Þar hafa verið teiknaðar inn þrýstilínur miðað við veðurathuganir kl. 12.00 og kl. 15.00 28. febrúar 1992. Slysið gerðist eftir hádegi þann dag. Veðurfræðingur áætlaði vindstyrk út frá þessum tölum og taldi, að á svæðinu fyrir utan Vík í Mýrdal, allt að 30–40 mílur út, hefðu verið um 9–10 vindstig.

III.

Í örorkumati Júlíusar Valssonar 26. maí 1993 kemur fram, að sóknaraðili er 175,5 cm hár og 111,4 kg á þyngd. Hann hefði ekki treyst sér á sjóinn eftir slysið og hafið kennslu í sjávarútvegsdeild Verkmenntaskóla Akureyrar á Dalvík 1. september 1992. Hann þreytist í baki við langar stöður og setur og eigi erfitt með að beygja sig. Dagleg óþægindi séu verkjaleiðni niður í fætur og máttleysistilfinning á stundum. Mat læknafræðingurinn tímabundna örorku 100% í tíu vikur, 50% í þrjár vikur og 10% varanlega örorku.

Að beiðni varnaraðila voru dómkvaddir matsmennirnir Þorgeir Örlygsson prófessor og Magnús Ólafsson læknir til að meta læknisfræðilega örorku sóknaraðila og hvort hann hefði af völdum slyssins orðið fyrir skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, er leiddi til fjártjóns. Í matsgerðinni kemur fram, að sóknaraðili hafi þrisvar meitt sig á hægri hné og af þeim sökum verið metinn 25% öryrki. Í síðasta skiptið hefði hann dottið á dekki um borð í skipi sumarið 1989. Hann hefði þó getað stundað sjómennsku eftir það. Niðurstaða matsmanna var, að læknisfræðileg örorka væri 5% og fjárhagsleg einnig 5%. Læknisfræðileg örorka væri m. a. miðuð við, að ýtarlegar rannsóknir hefðu ekki leitt í ljós neina dýpri áverka á beinagrind eða brjóski. Örorka sóknaraðila væri því verkir, sem ekki væru mælanlegir. Þá bæri einnig að taka tillit til þess, að sóknaraðili hefði áður verið metinn 25% öryrki.

Sóknaraðili leitaði álits læknafræðis á þessu tvenna mati, og varð niðurstaða ráðsins, að örorkumat Júlíusar Valssonar var staðfest.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði út tjón sóknaraðila 13. júlí 1994 og aftur 2. nóvember 1995 að teknu tilliti til launabreytinga. Í síðari útreikningi er miðað í fyrsta lagi við vinnutekjur sóknaraðila 1988, og reiknast þá verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi samtals 4.718.204 krónur. Í öðru lagi er miðað við vinnutekjur 2. stýrimanns á togara, og fæst þá niðurstaðan

6.442.821 króna. Í þriðja lagi miðar tryggingafræðingurinn við vinnutekjur 1. stýrimanns á togara, og reiknast þá tapaðar vinnutekjur á slysdegi 7.731.386 krónur.

IV.

Sóknaraðili reisir skaðabótakröfu sína á því, að tjón sitt megi rekja til ófullnægjandi vinnuáðstöðu um borð við þetta tiltekna verk. Verkið hafi verið unnið í samræmi við fyrirmæli skipstjóra, sem hafi verið verkstjóri um borð. Sóknaraðili hafi ekki haft sjálfðæmi um, hvernig þetta tiltekna verk hafi verið leyst af hendi. Hann hafi þurft að beygja sig út fyrir borðstokkinn, og hafi það valdið stórhættu. Hann hafi breytt fyrirkomulagi við starf þetta til samræmis við það, sem hann var vanur, en skipstjóri mælt svo fyrir, að breytt skyldi til fyrra horfs. Þá heldur sóknaraðili því fram, að það hafi verið vítavert gáleysi að senda sóknaraðila út á dekk í ofsaveðri og þungum sjó.

Sóknaraðili sundurliðar aðalkröfu sína þannig:

Tímabundin örorka	kr.	601.413
Varanleg örorka	–	7.009.690
Bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	456.666
	kr.	8.067.769
+25% frádr. v/skattahagræðis	–	(–2.016.942)
	kr.	6.050.827
Miskabætur	kr.	300.000
Frá dregst:		
Greiðsla frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum	kr.	(–382.784)
Greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins	–	(–271.690)
Samtals	kr.	5.696.353

Varnaraðili heldur því fram, að umrætt óhapp verði hvorki rakið til vanbúnaðar um borð í skipinu né til saknæmrar háttsemi skipstjóra, skipverja eða annarra starfsmanna varnaraðila, heldur verði slysið umfram allt rakið til aðgæsluskorts sóknaraðila sjálfs við þann starfa, sem hann slasaðist við. Umrætt verk hafði verið unnið með venjubundnum hætti árum saman. Sóknaraðili hafi lagt sig í óþarfa hættu. Vegna menntunar sinnar og reynslu hafi hann verið hæfur til að meta hættuna. Þá er því mótmælt, að ofsaveður hafi verið umræddan dag. Ef sök verði talin að einhverju leyti sönnuð, mótmælir varnaraðili bótakröfunni á þeirri forsendu, að tjón sé ekki sannað. Ósannað sé einnig, að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni vegna tímabundinnar örorku. Þá krefst varnaraðili frádráttar vegna skattfrelsis bóta og hag-

ræðis af eingreiðslu. Kröfum vegna tapaðra lífeyrisréttinda er mótmælt og miskabótakröfu. Þá beri einnig að taka tillit til greiddrar slysatryggingar og bóta frá Tryggingastofnun. Upphafstíma og forsendum dráttarvaxtarútreiknings er mótmælt.

V.

Skipstjóri Sjávarborgar, GK-60, heldur því fram, að sér hafi ekki verið tilkynnt um slysið og hann ekki frétt af því fyrr en allnokkrum dögum síðar. Þó að slysið hafi ekki verið skráð í skipsbók og engin sérstök rannsókn farið fram, hefur atvikið þó verið upplýst hjá lögreglu og fyrir dómi. Fram hefur komið, að skipið var selt úr landi, og fylgdi skipsbók með.

Verið var að hífa inn nótina. Við borðstokk var gálgi, sem vírinn fór um og í blökk fyrir aftan. Slíkir gálgar hallast venjulega aðeins út yfir borðstokk og eru til þess gerðir, að auðveldara sé að hífa vírinn inn fyrir, svo að hann liggi ekki utan í borðstokknum. Á enda nótarinnar var háfur, eins konar „fallhlíf“, og var hlutverk hans að draga nótina betur út. Var „fallhlífarháfurinn“ settur fyrst í sjóinn, og þegar skipið sigldi áfram, myndaði „fallhlífin“ móttöðu í sjónum á enda nótarinnar, svo að hún dróst betur út. Þegar slysið varð, var sóknaraðili að ná í spotta á háfnum og festa í krók á krana til þess að hífa háfinn inn. Ætlast var til, að þetta verk væri unnið til þess, að háfurinn flæktist síður. Engin brýn nauðsyn var þó á því, vegna þess að ef það var ekki gert, dróst háfurinn inn með nótinni. Fram kom fyrir dómi hjá einum háseta, sem vann í níu ár á skipinu og hafði margoft unnið þetta verk, að hann sætti oft lagi með að ná í spottann eftir því, hvernig á stóð. Engin ástæða var til að setja sig í hættu til að ná í spottann. Þá þykir einnig nægilega upplýst, að unnt var að athafna sig bæði fyrir framan og aftan gálgann. Það er því álit dómsins, að sóknaraðili hafi ekki sýnt nægilega varúð, er hann stóð við gálgann í veltingi, þegar við mátti búast, að nótin gæti slegist utan í síðuna. Sóknaraðili var vanur sjómaður og menntaður skipstjórnamaður og mátti því gera sér grein fyrir, að hættulegt gæti verið að fara milli gálga og nótar miðað við, hvernig veður var og slæmt í sjó. Aðstæður og vinnulag við þetta verk var ekki frábrugðið því, sem almennt tíðkast við loðnuveiðar. Óhappið verður því ekki rakið til vanbúnaðar skips, handvamar skipverja eða annarrar áhættu, sem útgerðarmaður bar ábyrgð á.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að algengt sé og alkunna meðal sjómanna, að fyrir sunnan land geti skip notið einhvers skjóls af landi í norðan- og austanátt, eins og var, er slysið varð. Á þessum slóðum er vindhraði því oft minni en mælist á veðurathugunarstöðum í landi, sérstaklega Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Auk þess þykir vindhæð ekki skipta

máli í þessu sambandi, því að engin hættu var á ferðum, ef sóknaraðili hefði staðið rétt að verki.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfu sóknaraðila verður hafnað og afstaða skiptastjóra staðfest. Eftir þeirri niðurstöðu verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila 250.000 krónur í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Skarphéðni Kristjánssyni og Viðari Þórðarsyni skipstjór-um.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er sú ákvörðun skiptastjóra í þrotabúi Sjávarborgar hf. að hafna kröfu sóknaraðila, Björns Björnssonar, samkvæmt kröfu nr. 34 á kröfuskra.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi Sjávarborgar hf., 250.000 krónur í málskostnað.
